

Fjölbrautaskólinn við Ármúla  
Ársskýrsla fjarnáms 2023

## Inngangur

Skýrslan er samantekt úr árskýrslu Fjölbrautaskólans við Ármúla og innra mati hans um fjarnám skólans.

Á árinu 2023 var kennslukönnun fjarnáms látið ná yfir alla áfanga skólans. Heilt yfir endurspeglaði könnunin ánægju nemenda með fjarnámið en þátttakan hefði hins vegar mátt vera betri (9,4% um vorið en 8% um haustið). Kennslukönnunin var lögð fyrir í gegnum Forms og sett í Moodle-kennslukerfið sem hlekkir í hverjum áfanga. Rúmlega 60% nemenda reyndust ekki vera í öðru námi en fjarnámi FÁ sem er vísbending um að fjarnámið skapi nemendum tækifæri sem ekki væru í hefðbundnu dagskólanámi í framhaldsskóla. Þetta geta verið einstaklingar sem stunda símenntun eða hafa ekki tækifæri til að stunda dagskólanám.

Sjálfsmatsteymið taldi ekki bara að fjarnámið væri mikilvægt skólanum vegna umfangs heldur er fjarnámið mikilvægur vettvangur skólans fyrir samstarf við önnur skólastig og aðra skóla á framhaldsskólastigi. Nægir þar að nefna að margir grunnskólanemendur eru skráðir í fjarnámið og svo taka nemendur fjarnámsáfanga til að bæta við sig einingum á framhaldsskólastigi til að útskrifast frá sínum heimaskóla og til að komast inn í námsleiðir í háskólum hérlandis sem og erlendis.

Könnun á umferð á vef skólans leiddi í ljós að undirsíður fjarnámsins voru þær síður sem mest voru skoðaðar. Allt upp undir 40% skoðunum á undirsíðum skólans tengdust fjarnámi.

Árið 2023 var innri úttekt við skólann undirbúinn sem var svo framkvæmd um vorið 2024.


## Fjarnemar

### Fjöldatölur fjarnám - þróun

Annir í fjarnámi eru þrjár: vor (V), sumar (S) og haust (H). Nokkuð stöðugleiki er í fjölda fjarnema á haustin og vorin en þá sækja 1200-1300 nemendur sér fjarnám við skólann. Tölur fyrri ára eru fengnar úr fyrri ársskýrslum en tölur fyrir árið 2023 voru fengnar frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu: 10. febrúar, 20. júní og 20. september 2023.

| 2019 |     |      | 2020 |      |      | 2021 |     |      | 2022 |     |      | 2023 |     |      |
|------|-----|------|------|------|------|------|-----|------|------|-----|------|------|-----|------|
| V    | S   | H    | V    | S    | H    | V    | S   | H    | V    | S   | H    | V    | S   | H    |
| 1132 | 699 | 1214 | 1206 | 1104 | 1274 | 1346 | 981 | 1099 | 1300 | 705 | 1191 | 1298 | 920 | 1277 |

Sumarönnin 2023 var óvenju fjölmenn og slagar hátt í nemendafjölda sumarannirnar 2020 og 2021 þegar heimsfaraldur vegna covid-19 geisaði í landinu.



Nokkuð algengt er að dagskólanemar í FÁ skrái sig í áfanga í fjarnámi og það gerðu um 109 nemendur að vori en 127 að hausti.

Hagstofan telur fjölda fjarnema hjá Hagstofunni er talin þannig að nemendur sem eingöngu eru í fjarnámi við viðkomandi skóla hvergi annars staðar eru taldir. Hagstofan taldi 779 nemendur í fjarnámi skólans en 350 og 324 í næstu tveimur skólum á eftir. FÁ er því enn eitt árið stærsti fjarnámsskóli landsins og hefur verið það um langt skeið. Nemendum fjölgaði þriðja árið í röð.

Fjöldatalan rýmar mjög við niðurstöður í kennslukönnunum en um 60% nemenda sögðust árið 2023 eingöngu vera í fjarnámi FÁ. Ef nemendur eru 1300 þá eru 60% af því um 780.

#### Fjöldatölur fjarnám- skipting milli landshluta

Rúmlega 40% fjarnema komu úr Reykjavík. Að öðru leyti koma stærstu hóparnir af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum.

|            | Bæjarfélag                   | vor 2023         | sumar 2023       | haust 2023       |
|------------|------------------------------|------------------|------------------|------------------|
| Landsbyggð | Austurland                   | 22               | 19               | 16               |
|            | Norðurland eystra            | 44               | 51               | 47               |
|            | Norðurland vestra            | 13               | 15               | 13               |
|            | Suðurland                    | 96               | 56               | 87               |
|            | Suðurnes                     | 78               | 55               | 87               |
|            | Vestfirðir                   | 14               | 11               | 6                |
|            | Vestmannaeyjar               | 4                | 7                | 4                |
|            | Vesturland                   | 46               | 33               | 40               |
|            | <b>Samtals af landsbyggð</b> | <b>317 (25%)</b> | <b>247 (27%)</b> | <b>300 (24%)</b> |
|            | Garðabær                     | 50               | 58               | 57               |

|                   |                                             |                  |                  |                  |
|-------------------|---------------------------------------------|------------------|------------------|------------------|
| Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður                               | 114              | 93               | 121              |
|                   | Kópavogur                                   | 188              | 113              | 160              |
|                   | Mosfellsbær                                 | 55               | 37               | 63               |
|                   | Seltjarnarnes                               | 15               | 8                | 15               |
|                   | <b>Samtals af Höfuðborgarsv. utan Rvík.</b> | <b>422 (33%)</b> | <b>309 (34%)</b> | <b>416 (33%)</b> |
|                   | <b>Reykjavík</b>                            | <b>533 (42%)</b> | <b>346 (38%)</b> | <b>535 (43%)</b> |
|                   | Samtals (nemendur með pósthúmer)            | 1272             | 902              | 1251             |

### Fjarnám – kynjaskipting

Í meðfylgjandi töflu er að finna kynjaskiptingu fjarnema árið 2023.

| Önn   | Karlar (%) | Konur (%) | Annað eða ótilgreint kyn (%) |
|-------|------------|-----------|------------------------------|
| Vor   | 40,4       | 59,2      | 0,4                          |
| Sumar | 44,6       | 55,1      | 0,3                          |
| Haust | 38,4       | 61,4      | 0,2                          |

Hlutfallslega fleiri konur stunda fjarnám við skólann að jafnaði miðað við dagskólann en þar eru konur um 55% og karlar um 45%.

### Fjarnám – aldursdreifing


Meðalaldur fjarnema var nokkuð hærri en í dagskólanum en þó ekki eins hár og á starfsbrautum skólans.

| Önn   | Meðalaldur | Miðgildi aldurs | Staðalfrávik aldurs |
|-------|------------|-----------------|---------------------|
| Vor   | 25,1       | 21              | 11,4                |
| Sumar | 23,3       | 19              | 9,3                 |
| Haust | 25,9       | 21              | 11,9                |

Meðalaldur nemenda er umtalsvert hærri í fjarnámi en dagskóla en meðalaldurinn var um 22 ár að vori en um 20 ár að hausti.

## Fjarnám-skipting skráninga gagnvart lokaprófi

Nemendur í fjarnámi þurfa að þreyta lokapróf nema í undantekningartilvikum. Lokaprófin eru þreytt í skólahúsnæði Fjölbrautaskólans við Ármúla við Ármúla 12, í öðrum viðurkenndum fræðslumiðstöðvum hér heima og erlendis, eða á ræðismannsskrifstofum víða um lönd.



Rúmlega 60% nemenda þreyta lokapróf alla jafna en rúmlega þriðjungur heltist úr lestinni og mætir ekki til lokaprófs. Árið 2023 var nokkuð hefðbundið hvað það varðar. Árin 2020 sker sig einna helst út en það markaðist af skólabanni allt árið; frá mars 2020 og svo aftur frá september 2020. Öll lokapróf voru þá þreytt í gegnum Moodle-námsumsjónarkerfið þar sem kennsla fer fram í fjarnámi.

## Lokaorð

Fjarnám FÁ er fjölmennasta fjarnám á framhaldsskólastigi skv. mælingum Hagstofunnar og er nemendafjöldun annað árið í röð.

Ef miðað er við árið 2020 þá gæti skólinn hækkað hlutfall þreyttra lokaprófa með því að hafa lokapróf með frjálslegri hætti. Að mati skólasamfélagsins stendur skólinn vörð um gæði námsins með því að hafa lokapróf á viðurkenndum prófstöðum. Nemendur sem mæta til lokaprófs þurfa t.d. að framvísa skilríkjum og geta ekki notað nema leyfð hjálpargögn.

Reykjavík í febrúar 2025

Unnar Þór Bachmann gæðastjóri FÁ.